

## Úttektaáætlun 2020

Í upphaflegri og samþykktri ársáætlun innri úttekta 2020 voru fjórar úttektir á dagskrá. Sökum heimsfaraldurs féllu niður tvær úttektir sem áætlaðar voru á vormánuðum. Síðar á árinu var áætluð úttekt á eftirliti með velferð nautgripa og önnur á eftirliti með aukaafurðum dýra. Nýverið sendi Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) rökstutt álit til íslenskra stjórnvalda vegna eftirfylgni í kjölfar ABP úttektar hér á landi árið 2018. Af þeim sökum þykir rétt að beina augum innri úttekta á önnur svið í opinberu eftirliti og hefur Gæðaráð samþykkt að farið verði í eftirfylgniúttekt á eftirliti MAST með skráningu á notkun og afhendingu dýralyfja. Litið verði til útistandandi úrbótakrafna úttektar ESA 2016 á sama sviði sem og innri úttektar 2018. Eftirfylgnin verði einnig liður í undirbúningi fyrir sambærilega úttekt ESA 2021.

Niðurstaðan er því sú að farið verður í viðamikla úttekt varðandi dýravelferð sem nær til allra umdæma MAST og felur í sér vettvangsskoðun samhliða skjalaskoðun. Síðari úttektin á eftirliti með skráningu dýralyfja er fyrirhuguð sem skjalaskoðun eingöngu.

## Úttektir og úttektaþegar

### Úttekt 2020-01

#### Eftirlit með velferð nautgripa.

Úttektaþegi:	Matvælastofnun – Svið Dýraheilsu og allar umdæmisstofur.
Úttektamarkmið:	Að skera úr um hvort verklag og framkvæmd eftirlits og eftirfylgni með velferð nautgripa sé í samræmi við fyrirhugað fyrirkomulag og það framkvæmt með skilvirkum hætti.
Umfang úttektar:	Eftirlit og eftirfylgni með dýravelferð nautgripa í frumframleiðslu mjólkur og kjötafurða samkvæmt lögum nr. 55/2013 um velferð dýra og reglugerð nr. 1065/2014 um velferð nautgripa.

### Úttekt 2020-02

#### Eftirlit með skráningu og notkun dýralyfja

Úttektaþegi:	Matvælastofnun – Dýraheilsa
Úttektamarkmið:	Að skera úr um hvort verklag og framkvæmd eftirlits með skráningu og notkun dýralyfja af hálfu dýralækna og í eftirliti í frumframleiðslu sé í samræmi við fyrirhugað fyrirkomulag og hvort þessu fyrirkomulagi sé hrundið í framkvæmd með skilvirkum hætti.
Umfang úttektar:	Verklag og framkvæmd eftirlits með skráningu og notkun dýralyfja á grundvelli laga um 93/1995 um matvæli, laga 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu, reglugerðar 234/2020 um opinbert eftirlit, reglugerðar 105/2010 um sértækar reglur um opinbert eftirlit með afurðum úr dýraríkinu, reglugerðar 104/2010 um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu, reglugerðar 303/2012 um rafræna skráningu dýralækna á dýrasjúkdómum og lyfjameðhöndlun og reglugerðar 1266/2017 um lyfjaávisanir og afhendingu lyfja. Höfð verður hliðsjón af skoðunarhandbókum Matvælastofnunar eftir því sem við á.

## Úttektaaðili


Úttektaaðili er gæðastjóri Matvælastofnunar. Úttektaaðili skipuleggur og stjórnar framkvæmd innri úttekta samkvæmt samþykktum úttektaáætlunum. Úttektaaðili skipar úttektarhópa sem í skulu vera minnst tveir úttektarmenn og skal annar þeirra vera valinn sem úttektarstjóri. Gæðastjóri Matvælastofnunar er að jafnaði úttektarstjóri ef hann er meðlimur úttektarhóps. Úttektaaðili annast útgáfu skilríkja til úttektarmanna sem staðfestingu á umboði þeirra. Úttektaaðili skal tryggja samræmi milli úttektamanna og, í samráði við úttektastjórn, að hæfni þeirra sé viðhaldið.

Á grundvelli samþykkrar úttektaáætlunar skipuleggur úttektaaðili hverja úttekt og skilgreinir umfang hennar og þátttakendur. Til þess að ná markmiðum úttektar getur umfang úttektar náð út yfir og þvert á stjórnsýsluleg mörk og til marga lögbærra yfirvalda.

Úttektaaðili skipar úttektarstjóra fyrir hverja úttekt sem skipuleggur dagskrá úttektar í samráði við yfirmann/yfirmenn úttektaþega. Úttektarskipulag og beiðni um upplýsingar skal sent hlutaðeigandi aðilum eigi síðar en mánuði fyrir fyrirhugaða úttekt. Endanleg dagskrá úttektar skal liggja fyrir eigi síðar en viku fyrir áætlaða úttekt. Við framkvæmd innri

Úttekta á opinberu eftirliti er stuðst við leiðbeiningar ISO 19011:2011 og þær viðmiðunarreglur sem koma fram í ákvörðun nr. 2006/677/EC.

Framkvæmd innri úttekta er eftirfarandi:



Tafla 1. Tímarammi úttekta.

### Matvælastofnun

#### Innri úttektaáætlun 2020

												2020
Úttekt	Úttekta-þegar	Mars	Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	September	Október	Nóvember	Desember	Janúar 2020
2020-01	Matvæla- stofnun. Dýraheilsa og allar umdæmis- stofur								Opnunar- fundur: 19. október			
Eftirlit með velferð nautgripa									Vettvangs- úttekt / Öll umdæmi heimsótt			
										Lokafundur: 30. október		
2020-02	Matvæla- stofnun. Dýraheilsa									Opnunar- fundur: 10. nóvember		
Eftirlit með skráningu og notkun dýralyfja										Skjala- skoðun		
											Lokafundur: 12. nóvember	

Tímasetningar úttekta gætu breyst og verða ákveðnar endanlega í samráði við úttektaþega.

Samþykkt í Gæðaráði Matvælastofnunar, 31. október 2019

Jón Gíslason, forstjóri

Samþykkt í Úttektanefnd, dags. 19. nóvember 2019



Kjartan Hreinsson, formaður

*Endurskoðað og samþykkt í Gæðaráði MAST í apríl 2020.*